

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar
Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Búlandshreppi jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi í Suður-Múlasýslu.

Verð jarðanna fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Búlandshreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jarðirnar eða hluta af þeim eða hlunnindi, sem þeim fylgja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. marz 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 54 27. apríl 1967, um Jarðeignasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 4. tölulið 1. gr. bætist 5. töluliður, svo hljóðandi:

Jörð, sem eigandi hefur ekki tók á að sitja lengur vegna áhvilandi skulda, enda sé tryggt, að jörðin byggist samkvæmt lögum nr. 102 21. desember 1962, um ættaróðul og erfðaábúð.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun kaupverðs skv. 1. gr. skal af hálfu kaupanda höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða, sé þess kostur, og fjármunum þeim, sem eigandi hefur lagt í jörðina.

Náist ekki samkomulag um kaupverð, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats á jörðinni, skv. ákvæðum 8. gr.